

Fundargerð 429

Þriðjudaginn 23. júní 2015, kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1 á Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundin; Herdís Sæmundardóttir formaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson (varamaður), Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Kristján Þ. Halldórsson sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5), Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásthildur Sturludóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:05 og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
3. Staða gjaldeyrisjöfnuðar – til upplýsingar
4. Framfylgd jafnréttisáætlunar
5. Brothættar byggðir – staða og framhald verkefnisins
6. Fundargerðir lánanefndar
 - a. ...
 - b. ...
 - c. ...
7. Fundaáætlun 2015-16
8. Tillaga um fulltrúa stjórnar í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar
9. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 428. Lögð var fram tillaga um breytingu á orðalagi 7. liðar varðandi sölu hlutabréfa og var hún samþykkt samhljóða. Fundargerðin var samþykkt að öðru leiti.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

EGK og SBS fóru yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun. Umræður urðu um mat á verkefnum atvinnuþróunarfélaga og var starfsmönnum falið að skoða hvort hægt væri að vinna upplýsingar um helstu verkefni einstakra atvinnuþróunarfélaga. Einnig að hvetja félögin til að vera sem sýnilegust á veikum svæðum. Spurt var um stöðu byggðakvóta á Bakkafirði og kortlagningu aðgengis að grunnþjónustu á sviði heilbrigðismála sem unnin er í samstarfi við NORDREGIO. Búið að gera samkomulag varðandi könnun á heilbrigðisþjónustu.

MH fór yfir rekstur fyrstu fimm mánuði ársins og sundurliðun almenns rekstrarkostnaðar. HÁ fór yfir rekstur fullnustueigna. MH upplýsti um að ekki hefðu allir eigendur skuldabréfaútgáfunnar sem var á gjalddaga í mars gefið sig fram. HÁ ætlar að athuga með möguleika á því að slíta fyrningu með sérstakri innköllun.

3. Staða gjaldeyrisjöfnuðar – til upplýsingar

MH fór yfir stöðu gjaldeyrisjöfnuðar í lok maí og hvernig hann væri gagnvart markmiðum sem stofnunin hefur sett sér.

4. Framfylgd jafnréttisáætlunar

MH lagði fram yfirlit yfir framkvæmd jafnréttisáætlunar 2014 en skv. 7. gr. jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem samþykkt var í október 2013 ber að leggja fram yfirlit yfir framkvæmd áætlunarinnar árlega.

5. Brothættar byggðir – staða og framhald verkefnisins

KPH og SKP komu á fundinn undir þessum lið. Árið 2014 var auglýst eftir byggðalögum til þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir og var sótt um fyrir 10 ný byggðarlög. Síðar bættust 2 ný byggðarlög við. Þessi 12 byggðarlög eru:

- Dalabyggð
- Ísafjarðarbær: Þingeyri, Flateyri, Suðureyri
- Strandabyggð
- Árneshreppur
- Sveitarfélagið Skagafjörður: Hofsós
- Akureyrarbær: Hrísey, Grímsey
- Norðurþing: Kópasker og nærsveitir
- Fjarðabyggð: Stöðvarfjörður
- Djúpavogshreppur

KPH og SKP fóru yfir mælikvarða sem notaðir voru við mat á á stöðu byggðarlaga og hversu brothætt byggðarlagið væri.

Tillaga þeirra er að árið 2015 verði annars vegar Kópaskeri og nærsveitum og hins vegar eyjunum tveimur, Hrísey og Grímsey bætt við verkefnið Brothættar byggðir.

Rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun er eftirfarandi:

- Kópasker og nærsveitir. Fyrri niðurstöður í mati á þörf voru staðfestar með niðurstöðum mælikvarða, skorar Kópasker og nærsveitir hæst af þeim 12 samfélögum sem sótt var um fyrir. Auk þess er þegar ráðinn verkefnisstjóri fyrir norðaustursvæðið sem mun einnig starfa fyrir Kópasker og kostnaðarauki því minni en ella.
- Hrísey og Grímsey skora hátt á áður nefndum mælikvarða og líta má á eyjarsamfélögin eins og eitt samfélag í þessu verkefni að nokkru leyti, þ.e. í tíma- og kostnaðarlegu samhengi, auk þess sem báðar eyjarnar eru hluti af sama sveitarfélagi. Akureyrarbær er öflugt sveitarfélag og var því lagt fyrir bæjarstjórn að taka að sér verkefnisstjórnunarpáttinn og einnig hvað kostnað varðar og var það samþykkt. Byggðastofnun sér um og kostar kynningarfundir með íbúum, og íbúaping verði þau haldin. Einnig verði skipaðar verkefnisstjórnir og að styrkir verði í boði í báðum samfélögum, líkt og annars staðar.

KÞH og SKÞ viku af fundi.

Formaður lagði fram ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 15/15

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 16/15

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 17/15

EGK fór yfir fundargerðina.

...

....

...

Hlé var gert á fundi milli kl. 12:05 og 12:38

...

...

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 18/15

EGK fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 19/15

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

...

Fundargerðin staðfest.

...

7. Fundaáætlun 2015-16

Formaður lagði fram áætlun um fundi stjórnar fram að næsta ársfundi.

- 27. – 28. ágúst á Sauðárkróki
- 28. september á Sauðárkróki
- 16. – 17. október í Breiðdalsvík
- 13. nóvember á Sauðárkróki
- 14. desember í Reykjavík
- 22. janúar á Sauðárkróki
- 19. febrúar á Sauðárkróki
- 17. mars á Selfossi
- 15. apríl í Miðgarði

Samþykkt samhljóða.

8. Tillaga um fulltrúa stjórnar í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar

Skv. reglum um Endurskoðunarnefnd fyrir Byggðastofnun skal einn fulltrúi hennar koma úr stjórn stofnunarinnar. Þar sem enginn fulltrúi stjórnar situr nú í endurskoðunarnefnd leggur formaðu stjórnar til að Einar E. Einarsson varaformaður stjórnar verði fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd.

Samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Samkaup hf.

EGK sagði frá auglýsingu á hlutabréfum stofnunarinnar í Samkaupum hf. Engin tilboð bárust í hlutabréfin.

Stjórn telur rétt að reglulega verði minnt á hlutabréf og aðrar eignir stofnunarinnar sem eru til sölu.

Húsnæðismál

Formaður og KB sögðu frá fundum sem þau hefðu átt vegna húsnæðismála stofnunarinnar.

Næsti fundur verður 27. og 28. ágúst á Sauðárkróki og Skagafirði. Verður farið í heimsókn í atvinnufyrirtæki og fundað með sveitarstjórnarmönnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:25
Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
